



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

3. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Mánudagur 14. apríl 2025 kl. 12:00 – fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Jón Bender (JB), Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Hugi Halldórsson (HH) og Margrét Kara Sturludóttir (MKS)

Guðrún Kristmundsdóttir annar varaformaður boðaði forföll.

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt og búið að birta á kki.is

2. Reglugerð vegna erlendra leikmanna

Haldið áfram umræðum frá síðasta stjórnarfundinum varðandi nýjar reglur fyrir erlenda leikmenn sem taka eiga gildi á næsta keppnistímabili.

Stjórn sammála um boða til formannafundar þriðjudaginn 22. apríl.

Á formannafundinum verður farið yfir drög að nýjum reglum sem stjórn hefur unnið að undanfarnar vikur. Tilgangur fundarins er að ræða drögin að reglunum og mun stjórnin í kjölfarið samþykkja nýjar reglur varðandi erlenda leikmenn.

Fundi slitið kl.13.05